

1028. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 15. júlí 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Bjarki Steingrímsson, Ágúst Guðbjartsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt E. Vilhjálmsson, Bergur Steingrímsson, Guðrún J. Ólafsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þ. Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning

Kristinn Örn setti fundinn kl. 18:15

2. Beiðni um lögfræðialit vegna „skuggapósta“

Eftir umræður var samþykkt eftirfarandi tillaga Guðrúnar J. Ólafsdóttur:

„Vegna þátttöku starfsmanna í svo kölluðum „skuggapóstum“ óska ég eftir lögfræðialiti um hvort brot hefur verið framið í starfi. Eins óska ég eftir að siðfræðilegt mat verði unnið af siðfræðingi vegna siðfræðilegra spurninga sem hafa vaknað vegna þessa máls.“

Einnig var samþykkt að Kristni Erni og Guðrúnu væri falið að finna lögfræðing og siðfræðing til að gera þetta álit.

3. Umsögn VR vegna lagafrumvarps

Kristinn Örn lagði fram skjalið „Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu(62. mál)“.

Umræður.

Umsögnin samþykkt.

4. Málþing um kosti og galla verðtryggingar

Samþykkt var að Kristinn Örn myndi koma með tillögu að fræðilegri nálgun, fræðimönnum og stjórnarmönnum sem að þessu kæmu og væri þetta svo nánar ákveðið á næsta stjórnarfundum.

5. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 19:55